

1865.

3. júlí.

lán, sem fátækir hafa fengið af rúgi þeim, sem veittur var bágstöddum sveitum í Snæfellsnessýslu á árunum 1861 og 1862, sem lán úr sveitarsjóði, og hvort hafa eigi tillit til þess, þegar leysa á úr þeirri spurningu, hvar maður sé sveitlægur. Um þetta hafið þér, herra amtmaður, í bréfi dagsettu 13. desembermán. f. á. látið það álit yðar í ljósi, að, með því að skoða verður rúg þann, er hér ræðir um, sem lán, er sveitirnar hafi tekið, og þessvegna sem eign þeirra, þar sem sveitirnar sem félög (júridisk persóna) verða að ábyrgjast, að rúgurinn verði borgaður, og verð hans er tilfært sem tekjugrein í reikningum sveitarsjóðanna, þá hljóti hver sá, sem fengið hefir lán hjá sveitinni í rúgi, að álitast hafa fengið lán úr sveitarsjóðnum, og geti því ekki áunnið sér þar rétt til framfærslu, fyr en hann hafi borgað lánið.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að dómsmálastjórnin fellst á þá skoðun á málinu, sem þér hafið látið í ljósi.

5. júlí.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppgjöf á landskuld fyrir jarðabætur.

Með bréfi dags. 14. marzmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá Gísla hreppstjóra Gíslasyni, leiguliða á þjóðjörðinni Leirvogstungu í Kjósar sýslu; sækir hann þar um 100 ríkisdala styrk til þess að geta hlaðið grjótgard fyrir á, sem rennur rétt fram hjá engjunum, flóir yfir þær í vatnavöxtum og skemmir þær, eða þá til að færa farveg árinna, ef það reynist hagfelldara til að vernda engjarnar. Hafið þér stungið uppá, að leiguliða þessum sé gefin upp landskuldin um tíma, t. a. m. í 2 eða 3 ár, með því skilyrði, að hann komi áformi þessu fram, svo að engjunum sé borgið, og sjái sýslumaður um með honum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að dómsmálastjórnin, eptir því

sem ástatt er, gefur beiðandanum upp landskuldina í 3 hin næstu fardagaár með því skilyrði, að hann undir umsjón sýslumannsins vinni störf þau, sem þörf er á til þess að vernda engjar jarðarinnar á annanhvorn þann hátt, sem að ofan er á vikið, og hagfelldastur reynist eptir atvikum.

1865.

5. júlí.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um skoðunargjörð á Ingjaldshóls kirkju.

8. júlí.

Um leið og þér, herra amtmaður, hafið sent hingað skoðunargjörð, er höfð hefir verið á Ingjaldshóls kirkju í Snæfellsnessýslu, en kirkja þessi er þjóðeign, hafið þér í bréfi dagsettu 21. desembermán. f. á. beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið greidt skoðunarmönnunum sem þóknun fyrir starfa þeirra alls 5 rd. 16 sk. úr sjóði umboðsins, og enn fremur borið undir atkvæði stjórnarráðsins, hvort borga megi Thorlacius umboðsmanni reikning, sem hann hefir sent yður og er 24 rdl. 16 sk. að upphæð, fyrir ferð hans til Ingjaldshóls og dvöl þar meðan á skoðunargjörðinni stóð, þó svo, að þér leggið áður úrskurð yðar á reikninginn. Jafnframt og þess skal getið, að dómsmálastjórnin hefir ritað fjárstjórninni um viðgjörðina á kirkju þeirri, sem um er rædt, sé yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á borgun þá, sem skoðunarmennirnir hafa fengið, en aptur á móti er engin heimild til að borga Thorlacius umboðsmanni reikning hans, þar eð hann sem umboðsmaður var skyldur til að vera viðstaddur við skoðunargjörðina, og honum þessvegna ekki ber nein sèrstakleg þóknun fyrir það.